



Reglur um greiðslu ferðakostnaðar

Samþykkt á fundi stjórnar AKÍS 22.1.2019	
--	--

1. Tilgangur, gildissvið og forsendur

Þessar reglur gilda um greiðslupátttöku kostnaðar vegna ferða á vegum AKÍS.

Reglur þessar eru settar til þess að stuðla að faglegri ákvarðanatöku um ferðir sem farnar eru erlendis og innanlands. Einnig að þeir sem fara á vegum AKÍS viti hvaða kostnaður er greiddur og að honum skuli haldið í lágmarki.

2. Erlent samstarf

Stjórn AKÍS telur að rækta beri alþjóðasamskipti að því marki sem hægt er og fjárhagur sambandsins leyfir.

AKÍS er aðili að Federation Internationale de L'Automobile (FIA), alþjóðasamtökum akstursfélaga og FIA North European Zone (NEZ), sem er samstarfsvettvangur FIA á norður Evrópu svæðinu.

- FIA heldur árlega aðalfund (FIA Annual General Assembly) og ráðstefnu um málefni akstursíþróttar (FIA Sport Conference).
- Aðalnefndir FIA (e. Commissions) halda fundi þrisvar til fimm sinnum á ári.
- Á vegum NEZ eru tveir fundir á ári. Vorfundur stjórnar NEZ og síðan stærri haustfundur þar sem þær nefndir NEZ hittast sem telja þess þörf. Á sama tíma er einnig haldin ráðstefnu um málefni akstursíþróttar FIA NEZ Sport Conference.
- Árlega eru haldnir tveir fundir framkvæmdastjóra systursamtaka AKÍS í Evrópu.

3. Innland samstarf

Aðildarfélög AKÍS eru dreifð víða um Ísland.

Fjarfundabúnaður í fundarherbergi AKÍS gerir fundarmönnum kleift að taka þátt í fundum án ferðalaga.



Reglur um greiðslu ferðakostnaðar

4. Ákvörðun um ferðir

Stjórn AKÍS ákveður hvort sendur skuli fulltrúi, einn eða fleiri, á fundi.

Framkvæmdastjóri skal, þegar dagsetningar og dagskrár reglubundinna funda liggja fyrir, kynna þær fyrir stjórn ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun vegna ferðarinnar. Komi upp önnur tilefni til ferðalaga þarf samþykki stjórnar AKÍS í slíkar ferðir fyrirfram.

Fulltrúar sem sækja fundi fyrir hönd AKÍS skulu skila skýrslu um efni fundarins til stjórnar AKÍS eigi síðar en á næsta stjórnarfundum eftir heimkomu.

5. Greiddur kostnaður

Greiddur er ferðakostnaður fulltrúa AKÍS sem sækja fundi á vegum sambandsins samkvæmt samþykktri kostnaðaráætlun. Þeim kostnaði skal haldið í lágmarki og í því skyni skal reynt að bóka ferðir með eins góðum fyrirvara og kostur er.

- Ferðakostnaður milli flugvalla og fundarstaða eða á hótél er greiddur. Fulltrúar AKÍS skulu nota ódýrasta mögulega ferðamáta og ef í boði eru rútuferðir skulu þær notaðar fremur en lestir eða leigubílar.
- AKÍS greiðir gistingu fulltrúa AKÍS.
- Fulltrúar AKÍS fá hvorki laun, dagpeninga né aðrar greiðslur vegna ferða.

6. Verkferill við samþykkt og greiðslu kostnaðar

AKÍS sér um að bóka ferðir og hótél erlendis. Allur ferðakostnaður skal hafa verið samþykktur af stjórn AKÍS.

Greiði fulltrúi AKÍS sjálfur hluta af kostnaði í ferð sinni skal hann endurgreiddur af framkvæmdastjóra eftir að stjórn samþykkir hann.

Fulltrúar AKÍS gera sér grein fyrir að stofnun kostnaðar sem ekki er í samræmi við reglur þessar verður ekki greiddur.